

Eigandi	Býli	Fallþungi		Gerð einkunn	Fita einkunn	Vöxtur g/dag
		Fjöldi	kg			
1 Sigurfinnur Bjarkarsson	Brattsholt, Flóa	108	18,6	12,9	7,8	130
2 Ólafur og Dagbjört	Syðri-Urriðaa, Miðfirði	1027	19,2	12,3	7,0	136
3 Elin Anna og Ari Guðmundur	Bergsstaðir, Miðfirði	1019	19,5	12,3	7,1	151
4 Páll og Halldóra	Mógil, Svalbarósströnd	128	21,7	12,2	9,0	151
5 Sigursteinn Sveinbjörnsson	Litla Ávík, Árneshrepp	107	20,5	12,2	7,2	162
6 Ágúst Ingi Ketilsson	Brúnastaðir 1, Flóa	174	20,5	12,1	8,0	143
7 Steinar Þór Baldursson	Oddi, Bjarnarfirði	104	20,9	12,1	7,6	147
8 Björn og Badda	Melar 1, Árneshrepp	499	20,3	12,0	7,3	156
9 Guðlaugur Ingólfur Benediktsson	Árnes 2, Árneshrepp	288	19,7	12,0	7,4	155
10 Ásvaldur og Laufey	Stóru-Tjarnir, Ljósavatnsskarði	164	20,7	12,0	8,0	139
11 Félagsbúið	Brautartunga, Flóa	138	17,1	11,9	7,2	123
12 Böðvar Sigvaldi og Ólóf	Mýrar 2, Hrutafirði	956	19,5	11,8	7,5	139
13 Fjórðing Hjarðarfelli 2	Hjarðarfell 2, Snæfellsnesi	458	19,7	11,8	7,4	137
14 Björn og Inga	Björk 2, Grímsnesi	123	18,8	11,8	8,8	130
15 Gunnar, Gréta, Jóhannes og Stella	Efri-Fitjar, Fitjardal	1571	19,2	11,7	7,0	139
16 Ægir Sigurgeirsson	Stekkjardalur, Húnavatnshrepp	263	20,8	11,7	8,0	133
17 Ragnar og Sigríður	Heydalsá 1 og 3, Steingrímsfirði	832	18,4	11,6	6,8	136
18 Rebba ehf	Dalsmýni, Eyjaö og Miklholtshrepp	110	17,9	11,6	6,5	123
19 Gaularbrú ehf	Gaul, Snæfellsnesi	316	18,5	11,5	6,9	132
20 Bjarni Bjarnason	Brekka, Lóni	262	17,6	11,5	7,6	114
21 Hellur Ehf	Hellur, Bæjarsveit	259	18,2	11,5	7,2	114
22 Þórður Jónsson	Árbær, Reykhólasveit	152	18,3	11,5	7,0	140
23 Guðrún Marínósdóttir	Búrfell, Svarfaðardal	131	20,7	11,5	8,1	166

Tafla 4. Efstu bú landsins samkvæmt einkunn fyrir holdfyllingu sláturlamba (gerð) þar sem fjöldi sláturlamba eru 100 eða fleiri.

Eigandi	Býli	Fallþungi		Gerð einkunn	Fita einkunn	Aldur dagar	Vöxtur g/dag
		Fjöldi	kg				
1 Guðrún Marínósdóttir	Búrfell, Svarfaðardal	131	20,7	11,5	8,1	125,4	166
2 Indriði Aðalsteinsson	Skjaldfönn, Ísafjarðardjúp	185	20,1	9,7	7,3	124,4	162
3 Sigursteinn Sveinbjörnsson	Litla Ávík, Árneshrepp	107	20,5	12,2	7,2	126,4	162
4 Helgi og Beate	Kristnes, Eyjafirði	107	20,5	11,1	7,8	129,5	159
5 Bergþóra og Sigurbjörn	Kiðafell, Kjós	259	21	10,6	7,7	135,2	158
6 Björn og Badda	Melar 1, Árneshrepp	499	20,3	12	7,3	129,8	156
7 Guðlaugur Ingólfur Benediktsson	Árnes 2, Árneshrepp	288	19,7	12	7,4	126,8	155
8 Björn Bjarnason	Bjarghús, Vesturhópi	152	17,9	9,8	6,4	116,1	155
9 Karl Kristjánsson	Kambur, Reykhólasveit	506	19,2	11,2	7,2	125,3	154
10 Jóhanna R Kristjánsdóttir	Svansvík, Ísafjarðardjúp	377	20,1	9,9	7,5	131,8	153
11 Bringa ehf	Bringa, Eyjafirði	234	19,1	11,4	7,8	126,6	152
12 Elin Anna og Ari Guðmundur	Bergsstaðir, Miðfirði	1019	19,5	12,3	7,1	131,2	151
13 Guðmundur S Björgmundsson	Kirkjuból, Valbjófsdal	394	18,3	10,5	7,4	121,7	151
14 Páll og Halldóra	Mógil, Svalbarósströnd	128	21,7	12,2	9	145,4	151
15 Steingrímur Jónsson	Efri-Engidalur, Skutulsfirði	108	21	10,9	8,8	138,8	151
16 Fremri-Guðfudalur sf	Guðfudalur-Fremri, Reykhólasveit	623	18	9,8	6,8	120,4	150
17 Ingibjörg Kristinsson	Hofströnd, Borgarfirði eystri	104	20,2	8,7	7,7	136,3	150

Tafla 5. Efstu bú landsins samkvæmt vaxtarhraða lamba (g/dag) þar sem fjöldi sláturlamba eru 100 eða fleiri.

á heimasíðu RML yfir bú sem náð hafa mjög góðum árangri með sína hjörð að teknu tilliti til margra þátta. Þessar viðmiðanir hafa verið í mótun og tekið breytingum og þá ekki síst núna 2022 þar sem þeim var breytt umtalsvert. Hér má sjá hverjar þessar viðmiðanir eru fyrir árið 2022. Eðlilegt er að svona viðmiðanir taki nokkuð örum breytingum í takt við vonandi almennt betri árangur hjá fleirum.

Bú með fleiri en 100 skýrslufærðar ær þar sem fædd lömb eftir fullorðnar ær eru fleiri en 1,90 og lömb til nýja fleiri en 1,71, fædd lömb eftir veturgamlar ær eru fleiri en 0,90 reiknað dillakjöt eftir allar ær er landsmeðaltal (>25,0 kg), gerðarmat sláturlamba er yfir 9,5, fitumat sláturlamba er 5,4-8,0, hlutfall gerðar og fitu yfir 1,3.

Eins ná inn á listann bú með góðar afurðir, þ.e. reiknað dillakjöt eftir allar ær (>30 kg) og nýjahlutfall >90% þó frjósemi sé minni en 1,9 lömb fædd.

Að öðru leyti er vísað á þennan lista á heimasíðu RML þar sem hann er að finna meðal annara niðurstaðna skýrsluhalds í sauðfjárrækt árið 2022.

Niðurstöður fyrir flokkun sláturlamba

Í skýrslum fjárræktarfélaganna fyrir framleiðsluárið 2022 eru upplýsingar um 431.703 sláturlömb á 1.533 búum. Meðalfallþungi var 17,0 kg, einkunn fyrir holdfyllingu 9,39 og einkunn fyrir fitu 6,51. Árið 2021 voru sláturlömbin 453.589. Meðalfallþungi var þá 17,7 kg, einkunn fyrir holdfyllingu 9,47 og einkunn fyrir fitu 6,77. Það er því talsverður munur milli þessara ára hvað varðar framleiðslumagnið, fallþungi og fituna en munur á gerðinni er minni en ætla mátti miða við 700 grömmum minni fallþunga 2022.

Um þriðjungur skýrsluhaldara hafa náð því marki sem sett hefur verið fram fyrir fjárfstofninn í ræktunarmarkmiðum. Þar er miðað við að ná öllum lömbum í R eða hærri holdfyllingaflokk og þar af 60% í U og E. Það bú sem nær 40% lamba í R og 60% í U fær 9,8 í gerðareinkunn. Ef horft er til búa með upplýsingar um 100 sláturlömb eða fleiri, þá eru það 31% sem ná þessari einkunn.

Fitan er eiginleiki sem er bestur á ákveðnu bili. Til þessa hefur markmiðið verið að sem stærstur hluti framleiðslunnar fari í fituflokka 2 og 3. Bú sem fær helming framleiðslunnar í hvorn flokk fengi fitueinkunn upp á 6,5 og stendur landsmeðaltalið reyndar um það bil í þeirri tölu í ár. Þyngstu lömbin voru í Norður-Ísafjarðarsýslu 18,2 kg að meðaltali. Sláturlömb í Eyjafirði voru að meðaltali 17,9 kg og í Strandasýslu voru þau 17,8 kg. Best gerðu lömbin voru á Ströndum (holdfyllingareinkunn 10,35). Næst þeim komu sláturlömb á Snæfellsnesi með 9,92 í holdfyllingareinkunn og í þriðja sæti eru sláturlömb í Vestur-Húnavatnssýslu með 9,84.

Bú með besta holdfyllingu lamba

Miðað við 100 sláturlömb eða fleiri eru það 23 bú sem ná þeim frábæra árangri að holdfyllingareinkunn sláturlambanna sé 11,5 eða hærri. Árið 2021 voru þessi bú 17 talsins en fallþungi var meiri en áður hefur þekkt. Hæst gerðarmat var hjá Sigurfinni Bjarkarssyni í Brattsholti í Árborg en 108 dillar frá honum fengu að meðaltali 12,92 í gerð. Næst í röðinni koma lömbin hjá Elinu Önnu og Ara Guðmundi á Bergsstöðum í Miðfirði. Þau lögðu inn 1.019 sláturlömb og er meðalgerð þeirra 12,30.

Þriðju í röðinni eru sveitungar þeirra, Ólafur og Dagbjört á Urriðaa. Þau lögðu inn 1.027

sláturlömb og er meðalgerð þeirra 12,29. Frábær árangur hjá þessum bændum sem standa í fylkingarbrjósti sauðfjárbænda, hvað gerð sláturlamba varðar

Vaxtarhraði

Líklega er það draumur flestra sauðfjárbænda að fá lömbin rígvæn úr sumarhögum, tilbúin til til slátrunar.

Hér skiptir að sjálfsögðu máli að eðliseiginleikarnir séu góðir í stofninum, að ærnar sé mjólkurlagnar og lömbin búi yfir mikilli vaxtargetu. Umhverfisáhrifin vega hér einnig þungt, bæði atlatið og gæði beitolandsins. Hvergi á landinu uxu lömbin hraðar sumarið 2022 en á Búrfelli í Svarfaðardal, en þau þyngdust að meðaltali um 166 g/dag.

Meðal vaxtarhraði á landsvísu var um 120 g/dag. Í töflu 5 má sjá lista yfir bú þar sem lömbin náðu mestum vaxtarhraða. Líkt og þar kemur fram eru þessir lambahópar yfirleitt með lágan meðalaldur, langt undir meðalaldrinum sláturlamba haustið 2022 sem voru 140 dagar ef skoðuð eru bú með 100 eða fleiri sláturlömb. Gefur það til kynna að þessi lömb hafi haft það gott í sumarhögum og komið rígvæn af fjalli.

Að lokum

Niðurstöður skýrsluhaldsins hjálpa okkur til að greina hvað má bæta. Listar yfir hæstu bú hjálpa okkur að sjá hvaða árangri er hægt að ná og eiga að virka sem hvatning. En til að ná góðum árangri þarf margt að spila saman, s.s. öflugar kynbætur, góðir búskaparhættir, haglendið og tíðarfarið. Nánari upplýsingar varðandi niðurstöður skýrsluhaldsins fyrir árið 2022 má finna á heimasíðu RML.

Eyþór Einarsson og Árni Bragason ráðunautar hjá RML.

Hágæða vatnshitavarar

Vörurkaup
Tel. 516-2600 | vorurkaup@vorurkaup.is

CLAGE

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Hagvís
Gæði þrátt fyrir

UMHVERFISVÆN HREINSISTÖÐ

Skólphreinsibúnaður fyrir sumarhögum, heimilið og fyrirtækið.

Búnaðurinn uppfyllir ströngustu vistfræðilegar kröfur sem gerðar eru á Evrópska efnahagssvæðin.

Hreinsar fosfór og köfnunarefni.

Hreint vatn, ýtrastu kröfur um hreinsun á frárennsli, frá böðum, salernum, vöskum og þvotta- og uppþvottavélum.

ENGIN LYKT - ENGIN SITURLÖGN

HAFÐU SAMBAND

4601706

hagvis@hagvis.is www.hagvis.is